

Samkeppniseftirlitið  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík.

Reykjavík 16. ágúst 2022.

**Efni:** Sjónarmið seljenda Eldum rétt ehf. vegna skýrslu Samkeppniseftirlitsins til andmæla í tilefni af samruna Haga hf. og Eldum rétt ehf.

## **I. Inngangur.**

Seljendur Eldum rétt ehf., Portfolio ehf., Supernova ehf. og Horn III slhf. hafa falið undirrituðum lögmanni, Einar Þór Sverrissyni, hjá Mörkinni lögmannsstofu hf. að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri í tilefni af andmælaskjali Samkeppniseftirlitsins vegna samruna Eldum rétt ehf. og Haga hf. Sjónarmiðin eru settu fram í nafni Eldum rétt.

## **II. Þrjú álitafni.**

Í þessu bréfi er einkum vikið að þremur álitafnum vegna samrunans, sem eru:

1. Hvort Eldum rétt geti verið mögulegur keppinautur Haga á dagvörumarkaði.
2. Hvort um aðgangshindranir inn á markað Eldum rétt sé að ræða.
3. Stöðu Eldum rétt á markaði.

Verður nú vikið að hverju atriði fyrir sig. Að öðru leyti er vísað til andmæla Haga við skýrslunni. Seljendur Eldum rétt hafa verulegar athugasemdir við margt það sem kemur fram í skýrslunni, en látið er nægja að vísa til sjónarmiða Haga þar að lútandi að undanskildu því sem hér er rakið.

### **1. Hvort Eldum rétt geti verið mögulegur keppinautur Haga á dagvörumarkaði.**

Í skýrslunni er talsverð umfjöllun um það að Eldum rétt geti verið mögulegur keppinautur Haga á smásölumarkaði. Er það byggt á því að í kynningu fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans hafi komið fram hugmyndir að frekari vöruþróun fyrir þá matarpakka sem Eldum rétt býður

upp á, auk þess sem vöruúrval Eldum rétt hafi aukist upp á síðkastið. Í kynningunni var m.a. minnst á eftirrétti, brauð, hráefni til eldunar á morgunmat og ýmiskonar smávörur til eldamennsku s.s. krydd, olíur, salt o.þ.h., sjá einkum greinar 295 til 297 í andmælaskjali.

Af þessu er dregin sú ályktun að Eldum rétt geti verið mögulegur keppinautur Haga á dagvörum, einkum í því samhengi að Hagar hafi skoðað að auka matvörusölu sína á netinu.

Eldum rétt hefur boðið upp á eftirrétti og ýmsa smárétti til sölu sl. eitt og hálf ár. Annað hefur ekki gengið eftir né nokkur ákvörðun verið tekin þar að lútandi. Aldrei hefur verið lagt á ráðin um að hefja samkeppnisrekstur á dagvörumarkaði enda Eldum rétt að engu leyti í stakk búið til þess.

[...]¹

Eldum rétt hefur aldrei hafið neina slíka starfsemi og engin ákvörðun verið tekin um hana. Sala á hráefni til gerð eftirréttta felur engan veginn í sér að félagið sé líklegt til að keppa á matvörumarkaði. Sala eftirréttta er í samræmi við annað framboð Eldum rétt, þ.e. seld eru þau hráefni sem þarf til að gera eftirrétt. Það gerir það ekki að verkum að Eldum rétt sé orðin eða líklegt til að verða samkeppnisaðili stærsta verslunarfyrtækis á matvörumarkaði hér landi, heldur þróun á núverandi viðskiptamódeli. [...]² Sala hefðbundinnar matvöru á netinu og sala á vöruframboði Eldum rétt er talsvert langt frá hvor öðru, þegar kemur að sölu- og dreifingarhlið vörunnar, þó gagnvart neytendum geti slíkt vöruframboð verið í samkeppni hvort við annað við að fylla maga neytenda.

Vegna þess er ekki hægt að leggja til grundvallar niðurstöðu í þessu samrunamáli að líklegt sé að Eldum rétt sé eða geti orðið keppinautur Haga í sölu á matvöru á netinu. Þá verður með engu móti séð að slík starfsemi gæti með einhverjum hætti flokkast sem samkeppni eða samkeppnislegt aðhald við Haga, sem einkum hefur starfsemi á markaðnum fyrir sölu dagvöru í matvöruverslunum. Hvernig að einhverjar hugrenningar um að selja eftirrétti, krydd, salt og olíur með matarpökkun Eldum rétt geti falið í sér ráðagerðir um að hefja samkeppni á matvörumarkaði er óskiljanlegt með öllu.

---

¹ Trúnaður

² Trúnaður

Eldum rétt gerir þá kröfu að ekki verði horft til þessa atriðis við mat á samrunanum.

## **2. Álitaefni um aðgangshindranir inn á markað Eldum rétt sé að ræða.**

Í kafla 11 í skýrslunni er vikið að aðgangshindrunum inn á markaðinn. Því er hafnað að slíkar hindranir séu til staðar.

Eins og vikið var í samrunatilkynningu er auðvelt að hefja starfsemi á þessum markaði. Þannig liggur fyrir að mörg veitingahús lifðu á þessari starfsemi í Covid faraldrinum, sem sýnir að aðgengi inn á markaðinn er auðvelt, þó vissulega hafi það ástand sem Covid faraldurinn skapaði verið óvenjulegt. Mörg veitingahús selja enn tilbúna matarpakka til eldunar, þó sú starfsemi sé ekki kjarnastarfsemi þeirra félaga. Þannig er hægt að nálgast mat til eldunar á ákveðnum veitingastöðum, auk þess sem aha.is er í samstarfi við fjöldann allan af veitingahúsum sem selja mat á netinu til heimsendingar. Sú staðreynd sýnir að innkoma inn á markaðinn getur verið auðveld og hún sýnir líka að markaðurinn er í mikilli mótun. Að mati Eldum rétt er þetta staðreynd sem ekki hefur verið hnekkt í skýrslu Samkeppniseftirlitsins.

Aðgangur að hráefni er öllum frjálst. Engar leyfisveitingar þarf fyrir slíkri starfsemi að undaskildum leyfisveitingum til að reka vinnslueldhús. Starfsemin þarf einungis húsnæði með kælikerfi og vinnuafli, auk netsíðu. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er lítil sem enginn, heldur er starfsemin einkum knúin áfram af lifandi vinnuafli, sem að stórum hluta er breytilegur kostnaður, þ.e. við aukna sölu eykst mannaflapörf. Fjárfesting í framleiðslulínu er því mjög lítil, í raun ekki önnur en stálborð sem auðvelt er að þrifa. Mataruppskriftir er hægt að búa til í heimaeldhúsi með lítilli fyrirhöfn ef einhver lágmarkspækking og hugmyndaauðgi til matreiðslu er til staðar.

[...]<sup>3</sup>

---

<sup>3</sup> Trúnaður

Staðreyndin er sú að ef uppskriftir eru góðar, hráefni eru góð, afhendingar standast og allt er til staðar í pökkunum í hverri viku sem boðið er upp á, þá er hægur leikur fyrir metnaðarfulla aðila að byggja upp sambærilegt fyrirtæki og Eldum rétt.

Við mat á aðgengi inn á markaðinn verður að hafa í huga að vegna ungrar markaðsgerðar starfa ekki mörg fyrirtæki á þessum markaði. Í því felst ógn við rekstur Eldum rétt og að sama skapi tækifæri fyrir nýjan aðila á markaði. Það ætti að vera auðvelt fyrir nýjan aðila á markaði að koma fólki á bragðið, þar sem fólk vill nýjungar og hefur gaman að því að breyta til. Aðalatriðið er að það sé vel gert.

Stóra málið, og það hefur ekkert að gera með aðgangshindranir, er að bjóða upp á sambærilega góða samkeppnisvöru og gera hlutina vel, nokkuð sem ekki allir hafa náð, sem hafa reynt fyrir sér á þessum markaði.

Eldum rétt var stofnað árið 2014 með nánast tóma vasa hluthafa, sem voru tveir í upphafi, þeir Valur Hermannsson og Kristófer Leifsson. Félagið var byggt upp úr engu og hefur á þessum árum orðið leiðandi á þessum markaði. Það sýnir að mati aðila hversu auðvelt getur verið að koma með sömu eða sambærilega vöru inn á markaðinn. Staðreyndin er einfaldlega sú að engar aðgangshindranir eru til staðar.

Upphaflegt húsnæði Eldum rétt var 170 fermetra húsnæði á Nýbýlavegi með átta fermetra kæli og 20 fermetra kældu rými.

Stofnendur félagsins unnu nótt sem nýtan dag við að koma félaginu á laggirnar. Þeir unnu öll störf, s.s. þróun rétta, þjónustu, fjármál, heimsendingar, pökkun vörunnar, þrif húsnæðis, innkaup, auk annars. Einu utanaðkomandi starfsmennirnir sem voru ráðnir voru til pökkunar vörunnar.

Það er enginn vafi á því að Eldum rétt bjó til þennan markað. Stærsta aðgangshindrunin var að sannfæra neytendur um að hugmyndin væri góð, þar sem þetta var ný hugmynd í matvörusölu um allan heim – ekki bara hér á landi. Fyrir nýjan aðila, sem myndi reyna að hasla sér völl ár markaðnum er stærsta aðgangshindrunin úr sögunni, þar sem Eldum rétt hefur búið

til vöru sem fólk skilur hvað er og veit hvernig virkar. Aðgengi að markaðnum hefur aldrei verið auðveldara.

Það sem gerði Eldum rétt að því sem það er, var fyrst og fremst góður matur. Eins og á hverjum öðrum veitingastað þá þarf grunnurinn að vera góður matur, annars er allt annað unnið fyrir gýg.

Margir keppinautar hafa komið og farið í gegnum árin. Að mati Eldum rétt felst skýring þess í því að þær hugmyndir hafa ekki verið nægjanlega vel útfærðar einkum hvað varðar útfærslu á matnum – hann hefur einfaldlega ekki verið nógu góður. Í því felst engin aðgangshindrun inn á markað.

Eldum rétt hefur ekki staðið í vegi fyrir því að aðrir komi inn á markaðinn. Eldum rétt hefur engin sérstök úrræði umfram aðra til að starfa á þessum markaði. Enginn vafi er á því að margir mögulegir keppinautar gætu fengið betri innkaupsverð en Eldum rétt. Stærð Eldum rétt í innkaupum á matvöru var á árinu 2021 var kr. [...] <sup>4</sup>, sem er hægt að setja í stærð við [...] <sup>5</sup>, en árið 2020 var vörunotkun hennar rétt rúmar [...] <sup>6</sup> milljónir. Þegar „non food“ hefur verið tekið frá, má ætla að innkaup matvöru til hennar sé álíka og Eldum rétt. Velgengni Eldum rétt hefur því ekki verið vegna hagkvæmni í innkaupum eða vegna stærðar félagsins sem innkaupaafli á matvöru, enda afl til innkaupa ekki meira en meðal stór hverfisverslun.

Eldum rétt hefur ekki yfir að ráða sérstakri dreifingu, heldur sjá verktakar um hana. Allir geta ráði til sín slíka verktaka, þannig að í dreifingunni felst ekki aðgangshindrun. Húsnæðið Eldum rétt er ekkert merkilegra en hvað annað sem hægt er að komast inn í með lítilli fyrirhöfn.

Margir hafa reynt fyrir sér á þessum markaði en gefist upp einfaldlega vegna þess að þeir réðu ekki við verkefnið og viðskiptavinirnir kusu Eldum rétt í stað þeirra. Þá keppni hefur Eldum rétt ekki unnið með því að vera ódýrasti aðilinn á markaði eða með því að niðurbjóða verð annarra eða hafa yfir að ráða einhverri yfirburðarstöðu.

---

<sup>4</sup> Trúnaður

<sup>5</sup> Trúnaður

<sup>6</sup> Trúnaður

Eldum rétt hefur einfaldlega verið með besta matinn og skilað honum á réttum tíma með lágmarks mistökum og góðri þjónustu. Í því felst velgengni Eldum rétt, ekki í því að einhverjar aðgangshindranir séu til staðar inn á markaðinn.

Eldum rétt vísar til umfjöllunar Haga um hvort sameinuð fyrirtæki gætu falið í sér aðgangshindrun og til hvaða mótvægisáðgerða Hagar eru tilbúnir að fallast á, svo samruninn verði samþykktur.

### **3. Staða Eldum rétt á markaði.**

Í skýrslunni er Eldum rétt skilgreint sem markaðsráðandi fyrirtæki á markaðnum fyrir sölu samsettra matarpakka sem ætlaðir eru til eldunar samkvæmt uppskriftum sem fylgja með. Sé markaðurinn skilgreindur svo þröngt, þá er Eldum rétt með yfir 50% markaðshlutdeild – á því er enginn vafi.

Að mati Eldum rétt er það hins vegar veruleg einföldun á málinu eins og það horfir við félaginu og rangt að leggja þá þröngu skilgreiningu til grundvallar. Í því efni verður að hafa í huga að um er að ræða nýjan markað sem er í mótun og fær því samkeppnislegt aðhald úr mörgum áttum, s.s. sölu á tilbúnum máltíðum t.d. á veitingastöðum, máltíðum sem mynda eina heild og eru seldar í stórmörkuðum en þarf að hita eða setja e-n lágmarksundirbúning í, áður en þeirra er neytt, máltíðum sem seldar eru í stórmörkuðum en þarf að setja saman áður en þeirra er neitt, auk fleiri lausna á því verkefni mannsins sem hann þarf að leysa úr á hverjum degi og felst í að borða mat.

Samkeppniseftirlitið hefur í skýrslu sinni ekkert horft til sambærilegra vöru á markaði, vöru sem m.a. hefur orðið til sem svar við starfsemi Eldum rétt og Eldum rétt telur rétt að telja til sama markaðar eða um tengda markaði sé að ræða, þar sem samkeppnislegt aðhald eða a.m.k. valkostur er við vöruframboð Eldum rétt. Er þar einkum vísað til vara eins og Korter í fjögur, sem er seld í verslunum Krónunnar, grillpakkar frá Sælkerabúðinni, tilbúinn eða hálf tilbúinn matur frá veitingastöðum, grillpakkar frá Kjöt kompaní, uppskriftavefur Heimkaupa o.fl. Enginn vafi er á því að ekki fæst rétt mynd af markaðnum með því að skilgreina hann jafn þröngt og gert er í skýrslu Samkeppniseftirlitsins. Þar skiptir miklu máli að markaðurinn eða

vöruframboðið er til þess að gera nýlegt og hefur kallað fram alls konar vörur á markaðinn sem andsvar við starfsemi Eldum rétt. Þær vörur eru klárlega í samkeppni við starfsemi Eldum rétt og því rétt að horfa til þeirra þegar markaðurinn er metinn. Þarf ekki annað en vísa til umsagna hagsmunaaðila um þetta atriði, sem allir staðfesta þann skilning að ýmsar lausnir keppa við Eldum rétt hvað varðar aðföng til kvöldmáltíðar.

### III. Niðurlag

Frá stofnum Eldum rétt hefur velta félagsins þróast frá þeim tíma með eftirfarandi hætti:

1. 2014,23,394,498
2. 2015, 136,154,383
3. 2016, 567,865,324
4. 2017, 811,395,495
5. 2018, 815,300,590
6. 2019, 738,312,480
7. 2020, 1,126,248,608
8. 2021, 1,233,593,030
9. [...] <sup>7</sup>

Eins og þessi veltuaukning sýnir, þá hefur þessi markaður verið að byggjast upp á sama tíma, en óumdeilt er að hann var ekki til fyrr en við stofnun Eldum rétt.

Seljendur Eldum rétt leggja mikla áherslu á að samruninn gangi eftir. Eldum rétt er frumkvöðlafyrirtæki, sem ruddi brautina fyrir sölu á matarpökkum til eldunar í heimahúsum. Það vöruframboð hefur kallað fram bæði fyrirtæki sem starfa með nákvæmlega sama hætti og Eldum rétt og ekki síður vöruframboð sem augljóslega er í samkeppni við Eldum rétt og bent var á hér fyrr.

Þessi markaður er enn í þróun og ljóst að hann mun taka miklum breytingum á komandi árum. Bæði varðandi aukið vöruframboð á sömu og sambærilegum vörum, sem bæði kunna að verða seldar með sama og e.t.v. fjölbreyttari hætti, en Eldum rétt gerir í dag.

---

<sup>7</sup> Trúnaður

Mikilvægt er að markaðir í mótun séu ekki skilgreindir of þröngt. Það er mikilvægt að slík fyrirtæki lendi ekki í því að stærri aðilar á markaði geti ekki keypt þau og tryggt áframhaldandi þróun í vöruframboði þeirra. Enginn vafi er á því að eftirspurn eftir tilbúnum en jafnframt hollum matvælum, þar sem matarsóun er lágörkuð hefur aukist verulega á síðustu árum og mun án efa aukast enn frekar. Sé litið til veltu Eldum rétt er ljóst að einungis brotabrot af matvælum sem fara ofan í landsmenn á degi hverjum fara í gegnum Eldum rétt. Við mat á nýjum örkuðum og skoðun á þeim verður að hafa í huga að staðgönguvörur eru ekki alltaf fyrir hendi. Það er því ekki að undra að neytendur í könnun, sem framkvæmd er á vegum Samkeppniseftirlitsins svari spurningu um hvað þeir geri ef Eldum rétt myndi hætta starfsemi eða hækka verð upp úr öllu valdi með þeim hætti að þeir myndu versla í matvöruverslun, sbr. grein 114 í skýrslunni. Fólk þarf jú alltaf að borða.

Vegna ungs markaðar er mikilvægt að draga ekki þá ályktun af slíku svari að Eldum rétt og Hagar hf. séu innbyrðis keppinautar. Þvert á móti ætti að horfa til þess vöruframboðs matvæla sem eru tilbúin til eldunar, hvort sem þau eru ein heild eða samsettar einingar sem krefjast lágmarksfyrirhafnar við eldun. Hvað slíkt vöruframboð varðar má nefna vörulínuna Korter í 4, sem seld er í verslunum Krónunnar, 1944 vörur SS, tilbúinn matur sem þarf bara að hita, sala tilbúinna fiskrétta í fiskbúðum, tilbúnir réttir frá Júmbó, Sóma og Dagnýjar og co. o.fl. Að mati Eldum rétt er starfsemi félagsins í samkeppni við þessar vörur, þó vissulega séu þær ekki alveg eins og kaup á þeim lúti ekki sömu samkeppnisskilyrðum, m.a. um aðferðir við öflun og afhendingarfresti.

Gerðar eru alvarlegar athugasemdir við þá þröngu markaðsskilgreiningu sem er að finna í umfjöllun Samkeppniseftirlitsins. Þannig hefði Samkeppniseftirlitið átt að afla upplýsinga frá verslunum um sölu matvæla sem hafa líkindi með vöruframboði Eldum rétt ehf. og leggja mat á markaðshlutdeild út frá því. Það hefur ekki verið gert, sem felur í sér alvarlegan ágalla á frummatinu, sérstaklega þar sem því er slegið föstu í skýrslunni að matvara undir vörumerkinu 20/30 sem Hagar reyndu að selja hafi verið í samkeppni við Eldum rétt, sbr. grein 307. Sambærileg vara er seld í verslunum Krónunnar, við samkeppnisskilyrði sem eru mun líkari Eldum rétt en 20/30 var, þar sem unnt er að kaupa vöru Krónunnar í netsölu og heimsendingu.



Í grein 131 í skýrslunni er reiknuð út áætluð „álagning“ Eldum rétt og það fundið út að hún sé að meðaltali [...]⁸. Gera verður athugasemd við þessa útreikninga og notkun hugtaksins álagning. Álagning Eldum rétt verður aldrei rétt reiknuð nema inn í kostnaðarverð vörunnar sé tekinn sá kostnaður sem þarf til að pakka henni, setja hana saman í neytendapakningar og dreifa henni.

Forsvarsmenn Eldum rétt eru reiðubúnir til fundar við starfsmenn Samkeppniseftirlitsins hvenær sem er til að ræða frekar um þau álitaefni sem varða þennan samruna. Slíkur fundur getur orðið með stuttum fyrirvara.

Virðingarfyllt,

Einar Þór Sverrisson, lögmaður (hrl.).

---

<sup>8</sup> Trúnaður

